

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 117 í stjórn Herjólfss ehf., haldinn 7. desember 2022 kl. 12:00

í fundarsal að Ægisgötu 2.

Mættir voru: Páll Scheving Ingvarsson, Agnes Einarsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson í síma, Helga Kristín Kolbeins, Sigurbergur Ármannsson, Rannveig Ísfjörð og Hörður Orri Grettisson framkvæmdastjóri. Sæunn Magnúsdóttir boðaði forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Á dagskrá fundarins voru fjórir dagskrárliðir:

1. **Verðskrá.**

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um gjaldskrárbreytingu á fargjöldum og farþegabifreiðum um næstu áramót.

Niðurstaða: Samþykkt samhljóða. Framkvæmdastóra falið að auglýsa breytta gjaldskrá.

2. **Greinargerð til Vegagerðarinnar vegna slipps.**

Framkvæmdastjóri kynnti greinargerð sem afhent verður Vegagerðinni á fundi sem fyrirhugaður er í næstu viku varðandi kostnað við slíptöku í október sl.

3. **Fjárhagsáætlun 2023.**

Framkvæmdastjóri lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2023.

Niðurstaða: Samþykkt samhljóða.

4. **Önnur mál.**

Engin önnur mál

Næsti stjórnarfundur er fyrirhugaður eftir 2-4 vikur.

Fundi slitið kl. 13:05.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.